



Hafnarfirði 16. október 2015

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ

Tillaga að afgreiðslu neðangreinds máls í fræðsluráði skv. vísun bæjarstjórnar

Umrætt mál er:

Mál 1504199 - Hinseiginfræðsla í grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar.

Tillaga sem vísað var frá bæjarstjórn til fræðsluráðs þann 15. apríl 2015 og lögð fram í fræðsluráði 20. apríl sama ár og hljóðar svo: "Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til við bæjarstjórn að farið verði í áttak í eflingu hinseginfræðslu og -ráðgjöf í grunnskólum Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær leitist við að gera samstarfssamning við Samtökin "78 um þróun námsefnis fyrir öll stig grunnskóla, frá 1. til 10. bekkjar og sérfræðingar Samtakanna haldi námskeið fyrir alla starfsmenn grunnskóla Hafnarfjarðar. Nemendum í unglingsáldum grunnskóla verði sömuleiðis gert kleift að sækja einstaklingsráðgjöf hjá sérfræðingum Samtakanna án endurgjalds."

Þetta minnisblað kemur í kjölfar annars minnisblaðs frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar þann 8. september 2015. Þar var kynnt vinna sem væri í undirbúningi við afgreiðslu tillögunnar frá bæjarstjórn, m.a. hafnar samningaviðræður við *Samtökin 78* um aðkomu þeirra að málinu. Þetta minnisblað er þá lokatillaga fræðslu- og frístundaþjónustunnar um það hvernig ofangreind tillaga fái afgreiðslu og útfærslu í starfsemi grunnskóla bæjarins.

Afgreiðslutillagan felur í sér þrennt:

1. Samstarfssamningur við *Samtökin 78* um ákveðna þjónustu við grunnskóla bæjarins.
2. Námskrárvinnuhópur innan grunnskóla Hafnarfjarðar taki til starfa.
3. Námssefnisgerð skv. tillögu verði sleppt.

Nánar um hvern lið hér ofar.

1. Samningur við *Samtökin 78*.

Samhliða þessu minnisblaði fylgir drög að verksamningi við *Samtökin 78*. Hann er á grunni minnisblaðs þann 8. september 2015 og kynnt var í fræðsluráði þann 9. september 2015. Samningurinn gengur út á fjóra þætti:

- a. Árleg fræðsla til starfsfólks grunnskólanna, þ.e. fyrsta árið fyrir alla (2016) en síðan fyrir nýtt starfsfólk eftir það (2017-). Markmið fræðslunnar er að starfsfólk skóla hafi þekkingu á hins eigin málefnum og geti verið virkur fræðari þar á sviði jafnréttis og mannréttinda.
Verð 875.000 kr. fyrsta árið (2016) en 100.000 kr. á ári eftir það.
- b. Aðgengi hafnirskra ungmenna að ráðgjöf samtakanna án endurgjalds. Verð 100.000 kr. á ári. (Þessi hluti samnings var hluti af samningi við *Samtökin 78* hér áður í Hafnarfirði.)

- c. Árleg fræðsla (80 mín.) fyrir nemendur í einum árgangi í Hafnarfirði, þ.e. 8. bekk. Verð 245.000 kr. á ári.
- d. Ráðgjöf við Hafnarfjarðarbæ við námskrárvinnu um málefni kynhneigðar, kynvitundar og málefni trans og intersex fólks. Verð kr. 12.000 pr. klst. fyrir tilfallandi ráðgjöf óskilgreinda.

Kostnaður við samstarf við Samtökin 78 út frá ofangreindri hugmynd er allt að 1,5 milj. kr. árið 2016 en fer síðan undir 500.000 kr. á ári eftir það við endurnýjun samningsins sem gert er ráð fyrir að gerist árlega.

Umrædd samningsdrög við *Samtökin 78* fylgja þessu minnisblaði til fræðsluráðs. Samningur verði gerður haustið 2015 fyrir árið 2016 og endurnýjaður árlega og uppfærður eftir því sem við á, t.d. þannig að fræðsluþættir geti þróast. *Samtökin 78* eru samþykkt samningsdrögum.

2. Námskrárvinnuhópur innan grunnskóla Hafnarfjarðar taki til starfa.

Sú tillaga kom fram meðal skólustjórnenda í Hafnarfirði að stofnaður yrði samráðshópur skólanna sem færi yfir þá fræðslu sem skólarnir veita og snýr að umræddu viðfangsefni. Í dag fer margvísleg fræðsla fram í hverjum skóla og hver skóli ber ábyrgð á kennslunni í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla á hverjum tíma. Markmið slíks samráðshóps yrði að sjá til þess að ákveðin grunnhugmynd um fræðslu væri til staðar út frá aðalnámskrá grunnskóla sem hver skóli ynni síðan með. Það hæfist frá skólaárinu 2016-2017 sem gæti nýst skólunum í því að sjá hvort og hvar þeir gætu hugsanlega gert betur í umræddri fræðslu. En umrædd fræðsla er þegar skilgreind í aðalnámskrá grunnskóla undir námssviðinu samfélagsgreinar. Gert er ráð fyrir að hópurinn hefji störf á haustönn 2015 en meginvinnan fari frá á vorönn 2016. Fulltrúi frá *Samtökunum 78* væri hópnum til ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir (sbr. lið 1d hér framar).

3. Námsefnisgerð skv. tillögu sleppt.

Það er tillaga fræðslu- og frístundaþjónustunnar, eftir samræðu starfsfólks Skólaskrifstofu, skólustjórnendur og fulltrúa samfélagsgreinakennara í bænum, að útundan frá upphaflegri tillögu verði námsefnisgerð námsefnis í hinseigin fræðslu í 1.-10. bekk grunnskóla, a.m.k. enn sem komið er. Það verkefni er stórt (hleypur líklega á miljónum króna) og það er ríkisvaldsins, í gegnum námsgagnahluta Menntamálastofnunar (miðlunarsvið) og Þróunarsjóð námsgagna hjá mennta- og menningar- málaráðuneyti, að greiða fyrir gerð námsefnis en EKKI sveitarfélaga. Ekki er þó hægt að útloka að vinna starfshóps (sjá lið 2 hér ofar) leiði til hugmynda í námsefnisgerð sem síðar verði þróaðar og þá verði leitað eftir fjármagni frá viðeigandi aðilum, þ.e. í þróunarverkefni og námsgagnaútgáfu. Það sjónarmið er sett fram hér að námsefnisgerð upphaflegu tillögunnar verði utan samstarfssamnings við *Samtökin 78* eins og staðan er núna.

Niðurstaða fræðslu- og frístundaþjónustunnar er því að leggja til að umrædd tillaga geti verið samþykkt með þeim takmörkunum sem getið er um í þessu minnisblaði.

Virðingarfyllst,


Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla